

REGLUR

um afgreiðslu umsókna um framlengingu bóta, þrátt fyrir sjúkrahúsvist skv. 5. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

1. gr.

Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en mánuð samfelld á stofnun eða vistheimili sem er á föstum fjárlögum eða þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann fellur lífeyrir hans niður ef vistin hefur verið lengri en fjórir mánuðir undanfarna 24 mánuði. Heimilt er þó að víkja frá þessum tímamörkum og greiða lífeyrisþega bætur í allt að sex mánuði til viðbótar í samræmi við reglur þessar.

2. gr.

Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins skipar samráðsnefnd innan stofnunarinnar sem afgreiðir umsóknir um framlengingu bóta.

3. gr.

Framlenging skal ekki veitt ef mánaðarleg greiðslubyrði umsækjanda er lægri en mánaðarlegar tekjur hans að frádreginni staðgreiðslu skatta og eftir að bætur frá Tryggingastofnun ríkisins hafa fallið niður.

4. gr.

Ef heildartekjur umsækjanda eru hærri en sem nemur óskertum grunnlífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka einhleypings skal ekki veita framlengingu. Sé umsækjandi í hjónabandi eða skráðri sambúð er heimilt að veita framlengingu ef sameiginlegar tekjur umsækjanda og maka hans eða sambúðaraðila eru ekki hærri en sem nemur tvöföldum grunnlífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka á mánuði.

5. gr.

Framlengingu skal ekki veita ef umsækjandi eða maki/sambúðaraðili hans á eignir í peningum eða verðbréfum yfir þeim viðmiðunarmörkum sem notuð eru hverju sinni varðandi heimild til greiðslu frekari uppbótar á lífeyri.

6. gr.

Við afgreiðslu umsókna samkvæmt reglum þessum er heimilt að taka tillit til sérstakra aðstæðna umsækjanda og maka hans. Skal einkum litið til þess hvort framlenging bóta sé nauðsynleg vegna afborgana eða annars rekstrarkostnaðar húsnæðis.

7. gr.

Ákvörðun um framlengingu greiðslna getur náð til allt að þriggja mánaða í senn. Ef óskað er frekari framlengingar skal sækja um það sérstaklega.

8. gr.

Lífeyrisþegi, sem þegar hefur fengið framlengingu greiðslna í samtals sex mánuði, á kost á að sækja um framlengingu að nýju að liðnu einu ári frá samþykkt síðustu framlengingar.

9. gr.

Nýti lífeyrisþegi ekki til fullnustu framlengingartíma greiðslna, t.d. vegna útskriftar, fellur sá tími sem eftir er niður einu ári eftir að framlenging var veitt.

10. gr.

Sækja skal um framlengingu á eyðublöðum sem Tryggingastofnun ríkisins leggur til. Í umsókn skal gerð grein fyrir áætluðum legutíma, fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum umsækjanda ásamt öðrum þeim atriðum sem máli geta skipt varðandi afgreiðslu umsóknar.

11. gr.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði samkvæmt 5. mgr. 43. gr. laga um almanna-tryggingar nr. 117/1993 og öðlast gildi þann 1. janúar 2002. Frá sama tíma falla niður reglur nr. 712/1999.

Tryggingastofnun ríkisins, 14. desember 2001.

Bolli Héðinsson.

Karl Steinar Guðnason.